

Iðnaðarráðuneytið			
Mátsnr.	IDN/12020047	Ábr.	HrH
B lyk.	3.0.2	Aðrir	
Mótt.	26.03.2012	Γskj.	
Aths.		Trúnm.	

Iðnaðarráðherra
Oddný G. Harðardóttir
Arnarhváli
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. mars 2012.

Efni: Umsögn Meistaradeildar Samtaka iðnaðarins (MSI) um niðurstöður og tillögur nefndar um endurskoðun iðnaðarlaga.

A. Almennar athugasemdir við skýrslu nefndarinnar

Allt frá því fyrstu iðnaðarlögin voru samþykkt á Alþingi (lög nr. 18/1927) hefur réttur iðnaðarmanna til að starfa einir að iðn sinni notið ríkrar verndar. Lög þessi eiga því djúpar og sterkar rætur hér á landi.

Samkvæmt 1. mgr. 75. stjórnarskrárinnar er hægt að setja atvinnufrelsinu skorður með lögum enda krefjist almannahagsmunir þess.

Iðnaðarlögum er ætlað að tryggja það að aðeins þeir sem hafa hlotið tiltekna menntun, þekkingu og reynslu geti starfað við iðngreinar hérlendis. Með lögnum eru verið að viðhalda gæðakröfum og vönduðum vinnubrögðum og reyna að sporna við fúski sem getur valdið almenningi tjóni. Ennfremur er með iðnaðarlögum verið að koma í veg fyrir að menn villi á sér heimildir en hvetja til að menn sjái sér hag í því að læra viðkomandi iðngreinar og öðlast þannig reynslu til að fá að starfa við greinarnar og selja þjónustu. Það verður að teljast almenningi til heilla. Sérstaklega er tilgreint í skýrslu nefndarinnar á bls. 16 – 17 að í almennum athugasemdum við frumvarp til laga um iðju og iðnað árið 1927 að löggin voru sett „*bæði til tryggingar þeim, sem slík verk kaupa og iðnaðarmönnunum sjálfum.*“

Sömu rök er að finna í lögum margra annarra starfsgreina, m.a í lækna­lögum og lögum um lögmenn. Samkvæmt lögmanna­lögum mega aðeins þeir sem hlotið hafa lögmansréttindi starfa sem lögmenn og selja þjónustu sem slíkir. Líkt og í iðnaðarlögum er það refsivert að selja lögmansþjónustu án þess að hafa til þess réttindi. Svipuð ákvæði er að finna í lækna­lögum og varðandi fleiri starfsstéttir.

Ef ætlunin er að fara að skoða það að fella niður löggildingu iðngreina þá þarf að skoða málið í stærra samhengi, þ.e. lögverndun starfsgreina í heild sinni. Þyrfti þá að kalla til fleiri hagsmunaaðila í slíka vinnu. Ekki verður séð hvaða rök hníga til þess að taka einungis iðnaðarlögin sérstaklega fyrir líkt og nefndin leggur til að verði gert.

Forsenda þess að iðnaðarráðaherra skipaði umrædda nefnd voru dómur Héraðsdóms Reykjaness í málum nr. S-240/2010 og S-241/2010. Í báðum þessum málum voru aðilar dæmdir til sektargreiðslna þar sem þeir seldu

ljósmyndapjónustu án þess að hafa tilskilin réttindi. Við meðferð málanna var því m.a. haldið fram að lögverndunin stangaðist á við ákvæði 75. stjórnarskrárinnar. Í niðurstöðum dómanna segir m.a.:

„Eru engar forsendur til annars en að telja að mat löggjafans, um að löggilda ljósmyndun sem iðngrein, sé reist á málefnalegum sjónarmiðum. Verður því að hafna þessum rökum ákærðu.“

Sótt var um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar í öðru málinu en rétturinn taldi málið ekki hafa „verulegt almennt gildi eða varða mikilvæga hagsmuni“. Fordæmisgildi fyrrnefndra héraðsdóma er því ótvírætt.

Þrátt fyrir skýra og afdráttarlaus niðurstöðu dómstóla segir m.a. í skýrslu nefndarinnar á bls. 6:

„Markmið iðnaðarlöggjafarinnar eru ekki tilgreind í núgildandi iðnaðarlögum eða lögskýringagögnum með þeim heldur virðist löggjöfin hvíla á þeim grunni sem lagt var upp með árið 1927, þ.e. verndun menntun iðnaðarmanna annars vegar og neytendavernd hins vegar. Vandséð er að slík markmið geti í öllum tilvikum talist fullnægjandi eða málefnaleg til réttlætningar á þeirri skerðingu á atvinnufrelsi sem löggilding iðngreina felur í sér.“

Ofangreint álit nefndarmanna stangast á við niðurstöður dómstóla sem töldu engar forsendur til annars en að telja það mat löggjafans að löggilda ljósmyndun reista á málefnalegum sjónarmiðum. Í því sambandi þykir rétt að benda á að á bls. 39 í skýrslunni segir m.a. að þeir dómar sem gengið hafa eftir að stjórnskipunarlögin nr. 97/1995 tóku gildi, sýna að að þrátt fyrir að dómstólar endurskoði ekki beinlínis mat löggjafans á því hvað teljist vera aðgerðir í þágu almannahagsmuna skera þeir nú úr um hvort hlutaðeigandi löggjöf samrýmist grundvallarreglum stjórnarskrárinnar, einkum jafnræðisreglu 65. gr. og hinni óskráðu meðalhófsreglu, sem og hvort hún byggist á málefnalegum sjónarmiðum. Eins og hér að framan greinir var það mat dómstóla í málum nr. S-240/2010 og S-241/2010 að ekki hafi verið sýnt fram að löggilding ljósmyndunar sem iðngreinar væri byggð á ómálefnalegum sjónarmiðum eða stangaðist að öðru leyti á við ákvæði stjórnarskrárinnar.

Mannvirkjalög krefjast þess að einungis löggiltir iðnmeistarar standi fyrir byggingarleyfisskildum verkum. Iðnaðarmenn sem lokið hafa námi í meistaraskóla geta einir hlotið löggildinguna Mannvirkjastofnunar.

Í byggingarreglugerð er krafist mikillar sérhæfðar verkkunnáttu allra byggingariðngreina sem einungis fagmenntaðir iðnaðarmenn hafa.

Almenningur á rétt á að krefja iðnaðarmenn um mikla sérhæfða verkkunnáttu, sem kennd er í sérhæfðu námi viðkomandi iðngreina. Sérstaklega mikilvægt er að menntaðir iðnaðarmenn séu sérfræðingar í öryggis- og heilbrigðisþáttum sem eru á öllum stigum mannvirkjagerðar.

Mikil vakning hefur verið síðustu misseri fyrir því að bæta kennslu iðnnáms enn frekar. Meðal ástæðna eru einstaka gallar sem upp hafa komið sem hugsanlega má rekja til ónógrar kunnáttu iðnaðarmanna. Það að bæta enn frekar kunnáttu iðnaðarmanna er almenningi til heilla. Ef opnað verður fyrir það að ómenntaðir

einstaklingar geti gengið inn í störf iðnaðarmanna er ljóst að göllum í mannvirkjum mun fjölga til muna sem mun leiða til verulegs tjóns fyrir samfélagið. Afar mikilvægt er því að hafa hagsmuni almennings að leiðarljósi.

Oft á tíðum eru verkkaupar að leggja allt sitt fé í framkvæmdir og til að tryggja gæði er mikilvægt að slíkar framkvæmdir séu unnar af menntuðum sérfræðingum en ekki ómenntuðum einstaklingum.

Einnig er rétt að varpa fram þeirri spurningu af hverju ekki sé krafist þess að allir þeir sem ætla sér að starfa sem iðnmeistarar í byggingaiðnaði sækji um starfsleyfi, sambanber að allir sem sækja um að starfa sem byggingastjórar þurfi að sækja sér starfsleyfi hjá Mannvirkjastofnun. Einnig má benda á að aðrar starfsgreinar, sem nefndar hafa verið hér að ofan, þurfa slík starfsleyfi. Með þessu fyrirkomulagi verður auðveldara fyrir almennung að sjá, hjá útgáfuaðila starfsleyfa, hverjir hafa tilskylda menntun til að koma að verkum.

Eins og fram kemur á bls. 52 - 53 í skýrslunni var haft samráð við hagsmunaaðila og er m.a. birtur listi yfir þá aðila sem skiluðu inn umsögn til nefndarinnar. Athygli vekur að ekki er hægt að sjá á þeim lista að umsagnir hafi borist frá menntamálaráðuneytinu eða Tækniskólanum. Ekki er heldur að finna í skýrslu nefndarinnar umfjöllun um hvaða áhrif afnám löggildingar iðngreina myndi hugsanlega hafa á iðnnám í landinu. Þá er þeirri spurningu ósvarað hvaða réttaráhrif afnám löggildingar myndi hafa á þann hóp einstaklinga sem lokið hafa sveinsprófi í löggildum iðngreinum. Sé ætlunin að þróa umræðuna áfram um hugsanlegar breytingar á iðnlöggjöfinni er afar mikilvægt að iðnaðarráðuneytið hafi samráð við bæði menntamálaráðuneytið og þá skóla sem kenna löggildar iðngreinar. Þá gerir MSI þá kröfu að haft verði samráð við hana og Samtök iðnaðarins við þá vinnu.

B. Athugasemdir við niðurstöður og tillögur nefndarinnar

1. Athugasemdir við töluliði 1 - 3 (bls. 8 - 9 í skýrslunni)

Nefndin leggur til að löggiltar iðngreinar verði tilgreindar í iðnaðarlögum í stað reglugerðar um löggiltar iðngreinar.

MSI leggst í sjálfu sér ekki gegn því að löggiltar iðngreinar verði tilgreindar í iðnaðarlögum í stað reglugerðar. Að mati MSI hefur samt ekki verið sýnt fram á í skýrslunni að brýn þörf sé á því, þ.e. að núverandi fyrirkomulag fari á svig við einhver lög eða reglur. Má einnig færa fram rök fyrir því að núverandi fyrirkomulag bjóði upp á meiri sveigjanleika til breytinga. Hvað sem þessum vangaveltum líður er ljóst að MSI leggst alveg gegn því að einhverjar þær löggiltu iðngreinar sem eru til staðar hér á landi verði felldar út.

Nefndin leggur til að nánari athugun fari fram á því hvaða iðngreinar hafa tekið slíkum breytingum að ekki teljist lengur málefnalegar forsendur fyrir löggildingu þeirra. Við þá athugun verði grundvöllur þeirra iðngreina sem í dag heyra undir hönnun, listir, handverk og upplýsinga og fjölmiðlagreinar tekin til sérstakrar athugunar. Auk þess verði skörun einstakra iðngreina skoðuð sérstaklega út frá sjónarmiðum um atvinnufrelsi.

Eins og hér að framan hefur verið getið er það mat MSI að ekki hafi verið sýnt fram á að iðnaðarlög eða löggilding einstakra iðngreina stangist á við stjórnarskrá. MSI leggst því alfarið gegn því að löggilding einstakra iðngreina verði felld úr gildi. Að mati MSI hafa heldur ekki verið færð nein rök fyrir því að sérstök ástæða sé til að taka einstakar iðngreinar til skoðunar í því sambandi. Vísast að öðru leyti til þeirra sjónarmiða er hér að framan greinir.

2. Athugasemdir við 4. tölulið á bls. 9 í skýrslunni

Erfitt er að átta sig á því hvað nefndin er að leggja hér til. Ber að skilja þessar tillögur nefndarinnar þannig að halda eigi löggildingunni og einkarétti til starfa í sumum iðngreinum? Er þá tillaga nefndarinnar að iðnaðarlögin verði þannig að sumar iðngreinar verði alveg lögverndaðar en aðrar verði bara með löggildingu á starfsheiti? Eða er nefndin að leggja þarna til tvenns konar ólík lög, þ.e. annars vegar lög um löggildingu iðngreina og hins vegar lög sem löggilda starfsheiti. Með engu móti er hægt að átta sig á þessari tillögu nefndarinnar eða hvernig nánari útfærslu á henni komi til með að líta út. Hvað sem því líður leggst MSI alfarið gegn þessum tillögum.

3. Athugasemdir við 5 tölulið á bls. 9 – 10 í skýrslunni.

MSI tekur heilshugar undir allar þær tillögur er nefndin leggur til svo framfylgd iðnaðarlaga verði skilvirkari. Bæði þarf að bæta eftirlit með framkvæmd laganna og einfalda kæruleiðir.

MSI vill að lokum árétta þá beiðni að samráð verði haft við hana og Samtök iðnaðarins kjósi iðnaðarráðherra að nota þessa skýrslu nefndarinnar til að halda áfram með umræðuna um endurskoðun iðnaðarlaga.

Afrit af þessu bréfi er sent menntamálaráðherra, Katrínu Jakobsdóttur

F. h. Meistaradeildar Samtaka iðnaðarins
Sem samanstendur af tíu meistarafélögum sem eru:
Málarameistarafélagið, Meistarafélag Suðurlands, Félag skrúðgarðyrkjumeistara,
Félag blikksmiðjueigenda, Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði,
Meistarafélag byggingarmanna á Norðurlandi, Meistarafélagi húsasmíða, SART-
Samtök rafverktaka, Múrarameistarafélag Reykjavíkur, Félag dúklagninga- og
veggfóðrarameistara.



Þorsteinn V. Sigurðsson, formaður Meistaradeildar Samtaka iðnaðarins (MSI)